

Sviðslistir 1. - 4. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

1, 2, 3, 4

Lýsing

Farið yfir hinn fjölbreytta heim leiklistar og dans. Nemendur kynna handritagerð, sögugerð, boðskap og fleiru tengdu leiklistinni. Þjálfar í framkomu og frásögn og að treysta á eigið innsæi.

Kennsluáferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag:

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Mikinn hluta þeirrar þekkingar sem börn tileinka sér í lífinu öðlast þau í gegnum líkamlega hreyfingu. Dansinn er mikilvæg leið til að hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska og mennta. Mikilvægt er að styrkja hreyfigreind nemenda í gegnum dans og hvetja þá til að hreyfa sig daglega og stuðla þannig að því að nemendur taki ábyrgð á eigin heilbrigði. Í þessum efnum helst dansmenntun í hendur við íþróttakennslu, en bætir við þekkingu á sköpun og líkamlegri tjáningu.

Kennsluáferðir:

Þekkingaröflun / hugmyndavinna.

Framkvæmd

Greining

Samhengi

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni miðað við eigin hæfni og getu.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Lífsleikni 3. - 4.bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

VS Sviðslistir fyrir 1. - 4. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.
- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.
- Greint milli staðreynda og skoðana.
- Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfunda eða lestri lesanda.
- Lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.

VS Sviðslistir fyrir 1. - 4. bekk - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.
- Rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.
- Dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.
- Hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.








VS Sviðslistir fyrir 1. - 4. bekk - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.
- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Beitt einföldu formi leiklistar.

VERKEFNI

- Búkolla
Nemendur setja á svið söguna um Búkollu.
Persónur; Búkolla, Karlsson, karl og kerling, tröll og tröllastelpa.
Hópavinna.

NÁMSEFNI/GÖGN

-  Verkferakistan
Leikritagerð
-  Leikritasmiðjan
Leikritagerð
-  Leikjavefurinn
Leikir
-  Leiklist í kennslu
Leiklist og leikir
-  Skapandi dans í skólastarfi
Líkamstjáning með danshreyfingum
-  Sögugrunnurinn
Sögugerð
-  Hugleiðsla og slökun
Hugleiðsla - og slökunarsögur fyrir börn